



Fundargerð

Aðalfundur

Aðalfundur Norðurár bs. haldinn í Menningarhúsinu Miðgarði, Skagafirði, fimmtudaginn 26. febrúar 2015, kl. 14.00.

Mætt voru stjórn Norðurár bs; Magnús B. Jónsson, Gísli Árnason, Jón Sigurðsson Ólöf Harpa Jósefsdóttir frá Flokkun Eyjafjörður, áheyrnarfulltrúi og Fannar J. Viggósson, starfsmaður félagsins.

Arnar Þór Sævarsson frá Blönduósbæ.

Ágúst Þór Bragason frá Blönduósbæ.

Ásta Björg Pálmadóttir frá Sveitarfélaginu Skagafirði

Einar Jónsson frá Húnavatnshreppi

Margeir Friðriksson frá Sveitarfélaginu Skagafirði

Þorleifur Ingvarsson frá Húnavatnshreppi

Gunnar Svavarsson frá Eflu verkfræðistofu.

og endurskoðandi félagsins Kristján Jónasson, KPMG.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2013 og 2014.
3. Kosning stjórnar og endurskoðanda.
4. Kynning á fyrirhuguðum fjárfestingum.
5. Samstarf á Norðurlandi um úrgangsmál.
6. Önnur mál .

Fundarsetning, kosning fundarstjóra og ritara.

Formaður félagsins, Magnús B. Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Tillaga formanns um Ástu Björgu Pálmadóttur sem fundarstjóra og Gísla Árnason ritara samþykkt samhljóða.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður félagsins Magnús B. Jónsson flutti skýrslu stjórnar. Fór hann yfir helstu verkefni stjórnar frá síðasta aðalfundi. Samstarf við Umhverfisstofnum með ágætum, litlar sem engar athugasemdir við úttektir. Tíundaði Magnús fjárfestingar ársins 2014 svo og heildarfjárfestingu félagsins frá upphafi, sem eru samtals á bókfærðu verði kr. 294 milljónir, þar af urðunarhólfrið kr. 240 milljónir. Á árinu 2014 voru urðuð rúm 16 þúsund tonn og er magnið þá samtals 52 þúsund tonn frá því sorpmóttaka var hafin. Að lokinni skýrslu formanns kynnti Ágúst Þór Bragason „Grænt bókhald“ félagsins. Eru þetta aðskildar mælingar ýmiskonar sem tengjast rekstrinum, allt frá grunnvatnsmælingum til heildarnotkunar á eldsneyti.



2. Ársreikningar áráanna 2013 og 2014.
Kristján Jónasson endurskoðandi skýrði ársreikninga félagsins fyrir árin 2013 og 2014. Fyrir árið 2013 voru rekstrartekjur kr. 126.046.932, rekstrargjöld kr. 64.115.102 og niðurstaða rekstrar kr. 37.309.985. Eigið fé kr. 64.727.332 og handbært fé í lok árs 2013 kr. 65.446.826.
Á árinu 2014 voru rekstrartekjur félagsins kr. 137.109.913, rekstrargjöld kr. 63.331.375 og niðurstaða rekstrar kr. 59.008.546. Eigið fé kr. 123.735.878 og handbært fé í lok árs 2014 kr. 105.618.554.
Kristján benti fundamönnum sérstaklega á sundurliðanir tekna og gjalda aftast í reikningunum.
Umræður urðu nokkrar um ætlaða fjársöfnun félagsins, sem formaður skýrði vel. Margeir Friðriksson kynnti fjárhagsáætlun ársins. Ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum á milli ára.
Ársreikningar félagsins fyrir árið 2013 og árið 2014 bornir upp og samþykktir.
3. Kosning stjórnar og endurskoðanda.
Lögð fram og samþykkt tillaga að stjórn til eins árs. Aðalmenn í stjórn eru Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson og Jón Sigurðson. Varamenn í stjórn eru Ágúst Þór Bragason, Ásmundur Pálmason og Sigríður Magnúsdóttir. Tillaga samþykkt að laun stjórnar yrðu óbreytt milli ára.
Endurskoðandi kosinn Kristján Jónasson frá KPMG.
4. Kynning á fyrirhuguðum fjárfestingum.
Gunnar Svavarsson frá Eflu verkfræðistofu fór yfir núverandi notkun urðunarstaðarins varðandi magn og uppruna og spá til næstu fimm ára. Í líkani Gunnars kemur fram að núverandi hólf endist fram á næsta ár. Næsti áfangi dugi svo til ársins 2020 eða þar um bil. Kostnaðaráætlun fyrir næstu stækkun, II áfanga, er um 140 milljónir.
Gunnar kynnti hugmyndir og grófa kostnaðaráætlun að vélaskemmu sem brýn þörf er að félagið ráðist í.
5. Samstarf á Norðurlandi um úrgangsmál.
Ólöf Jósefsdóttir fjallaði um samstarf í úrgangsmálum. Fór hún yfir vinnu við svæðisáætlun um úrgangsmál á Norðurlandi. Nefndi hún að aukinn áhugi væri á samstarfi sveitarfélaga á Norðurlandi í þessum efnum. Formaður félagsins ræddi nokkuð um ætlað samstarf í þessum málum.
6. Önnur mál
Engin.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15.25
Fundargerð ritaði Gísli Árnason

Magnús Þórn
Ólöf Jósefsdóttir
Jón Sigurðson